



Fundargerð

342. fundur fræðsluráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur

16. apríl 2021, kl. 08:15

Viðstaddir: Valgerður Björk Pálsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Andri Örn Víðisson, Íris Ósk Kristjánsdóttir.

Bryndís Jóna Magnúsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Silja Konráðsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Anita Engley Guðbergisdóttir fulltrúi FFGÍR, Anna Lydía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Leikskóli í Hlíðahverfi (2021040124)

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi gerði grein fyrir málinu.

Fræðsluráð þakkar fyrir kynninguna. Ráðið tekur undir mikilvægi þess að hafist verði handa við að byggja nýjan leikskóla í Hlíðahverfi sem fyrst samhliða áframhaldandi uppbyggingu leikskólaeiningar við Stapaskóla. Í ljósi spár um fjölgun einstaklinga á leikskólaaldri óskar ráðið eftir því að fræðsluskrifstofa vinni að heildstæðri áætlun um uppbyggingu leikskóla í Reykjaneshæ svo hægt sé að mæta þeim kröfum að börn allt að 12 mánaða verði tekin inn í leikskóla í Reykjaneshæ.

2. Starfsáætlun fræðsluviðs 2021 (2021020397)

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs fór yfir helstu áherslur í starfsáætlun fræðsluskrifstofu fyrir árið 2021.

3. Skóladagatöl grunnskóla Reykjaneshæjar 2021-2022 (2021040125)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi lagði fram skóladagatöl allra grunnskóla.

Fræðsluráð staðfestir skóladagatölin.

4. Menntastefna Reykjaneshæjar (2020010070)

Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra mætti á fundinn og kynnti stöðu mála varðandi endurskoðun menntastefnu Reykjaneshæjar.

Núgildandi menntastefna var samþykkt árið 2016 og hefur nýst sem leiðarljós fyrir skólasamfélagið í Reykjaneshæ undanfarin ár. Í lok árs 2019 setti Reykjaneshæ fram nýja



heildarstefnu fyrir bæinn sem er fléttuð við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í ljósi örra breytinga á samfélaginu og nýrrar grunnstefnu Reykjaneshæjar er tímabært að endurskoða nógildandi menntastefnu og meta hvort gera þurfi breytingar til að aðlagast nýjum veruleika og áherslum.

5. Nýsköpunar- og þróunarsjóður fræðsluviðs (2021040126)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi gerði grein fyrir markmiðum og áherslum nýsköpunar- og þróunarsjóðs fræðsluviðs.

Auglýst hefur verið eftir umsóknum vegna úthlutunar úr sjóðnum. Umsóknarfrestur rennur út kl. 16:00 í dag og hafa nú þegar borist 17 umsóknir. Markmið með sjóðnum er að stuðla að nýsköpun, framþróun og öfluglu innra starfi leik- og grunnskóla í Reykjaneshæ.

6. Úthlutun úr Sprotasjóði (2021040127)

Anna Hulda Einaradóttir kennsluráðgjafi mætti á fundinn og kynnti verkefnið Varúð skólabörn!!! en verkefninu var úthlutað styrk að upphæð 3 milljónum króna úr Sprotasjóði fyrir skólaárið 2021-2022. Verkefnið snýr að því að búa til jákvæða lestrarupplifun fyrir grunnskólabörn. Áhersla verður á virka þátttöku nemenda og þá sérstaklega drengja. Markmiðið er að hlusta á sjónarmið drengja, heyra hvaða leiðir þeir vilja fara varðandi lestur, læra af þeim ásamt því að auka áhuga þeirra með fjölbreyttri nálgun og merkingarbærum verkefnum. Verkefnið er unnið í samstarfi fræðsluviðs Reykjaneshæjar, Ævars Þórs Benediktssonar rithöfundar, grunnskólanna í Reykjaneshæ og Suðurnesjabæ, Bókasafns Reykjaneshæjar og Fjörheima.

7. Fundargerðir neyðarstjórnar (2021010061)

Fundargerðir lagðar fram.

<https://www.reykjaneshae.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.